



 Rauði kross Íslands

3. tölublað, 9. árgangur, september 2002



Unga fólkio og  
Rauði krossinn

# Flóð í Evrópu

**Púsundir sjálfbóðaliða og starfsmanna Rauða krossins sinntu neyðaraðstoð og veittu fólki húsa-skjól þegar hamslausar rigningar og stormar herjuðu á Mið-Evrópu og Rússland í ágúst svo ár flæddu langt yfir bakka sína og hálfu borgirnar lágu marandi í vatni.**

**N**eyðarástandi var lýst yfir í Prag og nokkrum héruðum Tékklands þegar mestu rigningar í meira en öld urðu til þess að ár flæddu yfir bakka sína í höfuðborginni. Hverfi voru rýmd og tugþúsundir manna flúðu heimili sín. Tékkneski Rauði krossinn kom upp neyðarskýlum og útvegaði mat, vatn og starfsfólk.

Í Þýskalandi var Rauði krossinn önnur kafinn í Bæjaralandi og í Austurríki héldu um 2000 björgunarmenn Rauða krossins sjúkrabílum gangandi þar sem þorp voru komin undir vatn, heimili og brýr söpuðust í burtu og lestarteinar fóru á kaf.

Um 5000 hektarar af ræktuðu landi í Rúmeníu fóru undir vatn svo fjölmargir töpuðu lifibrauði sínu. Vegir, járnbrautarteinar, vatns- og rafmagnsleiðslur skemmdust einnig. Rauða kross deildirnar útveguðu mat, fatnað og önnur hjálpargögn. Í sumum héruðum Búlgaríu tapaðist uppskera ársins og Rauði krossinn dreifði þar matar- og fjölskyldupökkum en hreinlætispökkum í Ungverjalandi. „Þetta eru slíkar hamfarir í álfunni að afleiðingarnar eiga eftir að veita okkur næg verkefni um ókomna tíð,“ sagði Pentti Kotoaro, talsmaður sendinefndar Alþjóðasambands Rauða kross félaga í Mið-Evrópu.

Hinn 8. ágúst æddu tveggja metra háar flóðbylgjur á land í Rússlandi. 58 menn drukknuðu og 15 byggðir fóru undir vatn. Rússneski Rauði krossinn dreifði matarpökkum og fötum og veitti lækniþjónustu.

Fólk fékk svo áfall þegar sjatna tók í ánum og eyðileggingin blasti



Púsundir sjálfbóðaliða Rauða krossins veittu neyðaraðstoð í flóðunum í ágúst.

við. Fjölmörg hús úr leirsteini liðuðust í sundur í Tékklandi. Þorpið Zálezlice líktist helst vígvelli, af 120 húsum var þriðjungurinn rústir einar. Josef Baloun, 73, missti ekki húsið sitt en nánast allar eigur hans lágu eins og hráviði undir aur og fúlnuðu vatni þegar hann sneri aftur heim. „Hvað á ég að gera?“ stamaði hann. „Ég á engan pening til að gera við þetta. Ég er alltof gamall til að byrja að nýju.“

Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn hafa óskað eftir neyðaraðstoð að upphæð 1,7 milljón sviss-

neskra franka frá Alþjóðasambandinu til að aðstoða 450 þúsund manns í Mið-Evrópu á næstu þremur mánuðum, 250 þúsund í Tékklandi, 150 þúsund í Rúmeníu og 50 þúsund í Slóvakíu.

## Hjálp

2. tölublað, 9. árgangur, september 2002

### Útgefandi:

Rauði kross Íslands  
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík  
Sími: 570 4000 Fax: 570 4010  
Netfang: central@redcross.is  
Veffang: www.redcross.is

### Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórir Guðmundsson  
Umsjón: Lóa Aldísardóttir

Netfang: thorir@redcross.is

Útlit: Mátturinn og dýrðin

Umbrot: Blaðsmiðjan

Prófarkalestur: Möður Árnason

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Upplag: 30.000

### Stjórn Rauða kross Íslands:

Úlfar Hauksson  
formaður  
Jóhannes Rúnar Jóhannsson  
varaformaður  
Sigurður Arnar Sigurðsson ritari  
Ólafur Ólafsson gjaldkeri  
Anna Stefánsdóttir  
Guðný Sigurðardóttir  
Hörður Högnason  
Karen Erla Erlingsdóttir  
Kristján Sturluson  
Pálin Dögg Helgadóttir  
Torben Friðriksson  
Framkvæmdastjóri:  
Sigrún Árnadóttir

## Skemmtilegasta og flottasta fatabúð í bænum

Það voru erfið spor sem lágu niður Laugavegin einn föstudag í júnibyrjun. Ég steig inn fyrir þröskuldinn á L-12, fataverslun Rauða krossins, kynnti mig og stundi upp að ég væri komin til að vinna. Um leið hvarf hnúturinn sem ég hafði haft í maganum. Það var eins og ég hefði verið þarna og selt fót alla ævi, sem ég hafði þó ekki gert áður.

Ég hef ekki kynnst verslun og vinnustað sem betra eða skemmtilegra er að vinna á. Þarna vinnum við nokkrar konur í sjálfböðavinnu fyrir mjög gott málefni. Tilgangurinn með starfinu skemmir ekki vinnuandann, sem er sá besti sem ég hef kynnst. Það hefur allt að segja að hlakka til að fara í vinnuna og líta á það sem skemmtun fremur en kvöð.

Breiður hópur fólks kemur inn í verslunina. Þetta er fólk á öllum aldri og það er allveg sérstaklega mikið af ungu, lífsglöðu fólki sem hefur gaman af að klæða sig. Það er opið og frjálstlegt og við höfum lúmskt gaman af að sjá hvernig það raðar fötunum utan á sig. Það þarf heilmiklar pælingar í kringum samsetninguna. Oft er ákaflega ánægjulegt og fróðlegt að spjalla við viðskiptavinina.



**Birna Jónsdóttir sjálfbóðaliði**

Ekki skemmir staðsetning verslunarinnar fyrir. Þarna við Lauga-

vegin er iðandi líf fyrir utan búðargluggann og ósjaldan kíkja menn inn til að skoða og spjalla.

Ég hafði ekki áður kynnst starfi Rauða kross Íslands. Jú, ég vissi og heyrði oft í fréttum að þeir væru að hjálpa hér og þar, en hafði lítið hugsað um það hversu margt fólk legði sig fram við þetta starf.

Þegar fólk spyr mig hvar ég vinni þá segi ég að ég starfi við skemmtilegustu og bestu fatabúð í Reykjavík – verslun Rauða kross Íslands. Þegar fólk spyr hvort ég fái nokkurt kaup þá segi ég að góð liðan, að fara ánægð í vinnuna og koma glöð heim séu mín laun. Og það er ekki svo lítið.



# Göngum til góðs – fyrir hungraða í Afríku

Gengið verður til góðs laugardaginn 5. október fyrir fólk sem nú líður hungur í sunnanverðri Afríku. Vonast er til að 2000 Íslendingar geti séð af nokkrum klukkustundum þennan laugardag til að ganga í hús og safna fyrir hungruðum. Markmiðið er að ganga í öll hús á landinu og safna 20 milljónum króna.


Það verða 70–80 söfnunarstöðvar um allt land, í skólum og félagsmiðstöðvum, þangað sem fólk getur komið, fengið söfnunarbauk og gengið til góðs,” segir Hannes Birgir Hjálmarsson, markaðsfulltrúi Rauða kross Íslands. Allir 15 ára og eldri eru velkomnir í

söfnunarstöðvarnar sem verða opnar 10–18 þennan laugardag. „Rauða kross deildirnar á landinu taka allar þátt í þessu en við erum með alla anga úti til að ná sem flestum sjálfboðaliðum. Við höfum meðal annars leitað til 10.-bekkinga í skólum og til starfsmannafélaga nokkurra fyrirtækja. Eins ætlum við að leita eftir fjárframlögum frá fyrirtækjum. Við höfum nú þegar fengið jákvæð viðbrögð frá þeim fyrirtækjum og íþróttafélögum sem við höfum rætt við.”

Síðast var gengið til góðs vegna alnæmis í Afríku árið 2000 og söfnuðust þá 22,5 milljónir og rúmlega 1700 sjálfboðaliðar gengu í hús.



Sjálfboðaliðarnir verða vel merktir með rauða eða hvíta plastbáu, húfu og barmmerki. Það ætti því ekki að fara á milli mála hvert tilefnið er þegar sjálfboðaliði drepur á dyr hjá þér laugardaginn 5. október.



## Sviðsettir blóðsúthellingar

Þúsundir Íslendinga voru í Smáralindinni laugardaginn 7. september og samhlíða önnum við að tína ofan í innkaupapakana kynntust menn nokkrum grundvallaratriðum skyndihjálpar á Evrópuþegi Rauða kross Íslands.

Þema þessa þriðja og síðasta Evrópuþegs í skyndihjálpar var umferðaröryggi og af því tilefni voru fimm básar settir upp í Smáralindinni, til að kenna mönnum endurlifgun, hvernig á að meðhöndla meðvitundarleysi, öklameiðsl, opna öndunarveginn, losa aðskotahlut úr hálsi og stöðva blæðingu.

Gestir Smáralindar fylgdust með Ungmennahreyfingu Rauða krossins og sjúkraflutningamönnum sviðsetja tvö slys; annars vegar bílslys og hins vegar atvik í kjötiðnaðarstöð þar sem starfsmaður hefur skorið sig illa.

„Markmiðið með þessum þegi er að gera fólki grein fyrir því að fyrstu viðbrögð á slysavettvangi skipta sköpum og því er mikilvægt að kunna réttu viðbrögðin og hafa trú á að hægt sé að leggja öðrum lið. Í bílslysi eiga dauðsföllin sér stað á fyrstu mínútunum, oft vegna þess að fólki blæðir út eða öndunarvegurinn hefur lokast,”

segir Svanhildur Pengilsdóttir, deildarstjóri heilbrigðisviðs Rauða krossins. Meðan menn fylgdust með blóðsúthellingunum gátu þeir gætt sér á ljúffengri skyndihjálparköku.

### Túrbó og Tag

Í Smáralindinni var einnig sýnd mynd um teiknimyndapersónurnar Túrbó og Tag og vöktu þær mikla lukku. Tag þessi er skynsamur köttur en Túrbó göslast í gegnum lífið og umferðina og er því sífellt að drepast í umferðarslysum. En kötturinn á sér níu líf og Túrbó sprettur upp sprellifandi eftir hvert slysið á fætur öðru. Þar kemur þó að Túrbó er búinn með átta líf og neyðist Tag þá til að læra skyndihjálpar og bjarga vini sínum frá því að glata því eina sem eftir er.

### 40 þúsund deyja á hraðbrautunum

Það hefur komið í ljós að vegfarendur sem koma fyrstir að slysum láta oft of langan tíma líða þar til þeir hringja í Neyðarlínuna og eru auk þess fákunnandi í skyndihjálpar. Tilgangurinn með Evrópuþeginum er því að hvetja fólk



Evrópuþegur í skyndihjálpar í Smáralindinni.

til að læra grundvallaratriði skyndihjálpar. Alþjóða-heilbrigðismálastofnunin hefur reiknað út að ef ekkert verður að gert verði umferðarslys þriðji stærsti dánarvaldur í heimi árið 2020. Um 40 þúsund manns deyja á hraðbrautum Evrópu á hverju ári.

Evrópuþegurinn var nú haldinn hjá öllum landsfélögum í Evrópu en hér var það Rauði kross Íslands og Rauða kross deildirnar á höfuðborgar-



„Markmiðið með þessum þegi er að gera fólki grein fyrir því að fyrstu viðbrögð á slysavettvangi skipta sköpum,” segir Svanhildur Pengilsdóttir

svæðinu sem sáu um daginn í samstarfi við fjölmarga aðila.

# Hungursneyð í sunnanverðri Afríku:

# Ein matskeið í hvert mál

Um 13 milljónir manna í sunnanverðri Afríku eiga á hættu að verða hungurmorða á næstu mánuðum berist þeim ekki matvælaaðstoð í tæka tíð. Ástæðurnar fyrir hinum mikla matvæslaskorti eru mismunandi eftir löndum en víða blandast saman þurrkar, flóð, slæm stjórnsýsla og efnahagsöröugleikar. Alnæmisfaraldurinn og viðvarandi vannæring gera afleiðingarnar enn verri. Rauði kross Íslands hefur svarað neyðarbeiðni Alþjóðasambands Rauða krossins frá því í lok júlí þar sem óskað var eftir 62 milljónum bandaríkjadala til aðstoðar tæpri milljón manna í Símbabve, Malaví, Sambíu, Lesótó og Svasílandi.

Litla stúlkan er einbeitt þar sem hún situr á hækjum sér og ber þurrkaðan marúla-ávöxtinn með steini. Um leið og ávöxturinn opnast tekur hún innan úr honum lítinn kjarna og stingur upp í sig. Munnbitinn kemur í staðinn fyrir máltíð og hún þarf að tína marga til að seðja sárasta hungrið, en marúla-ávöxturinn er örliðið áfengur og hjálpar henni að sofna – og gleyma hungriinu í svolitla stund. Þannig verja þau dögnum, hún og systkini hennar í Zaka-héraði í Símbabve. Í stað þess að fara í skólann (það er ekkert fé til fyrir skólagjöldunum) fara þau út að tína marúla, borða úr því kjarnann og sofna svo. Það er ekki margt annað að fá. Öðru hverju fá þau maísgraut – en það er sjaldnast meira en ein matskeið þar sem marga munna þarf að metta þegar 26 eru í heimili.

**23 börn á aldrinum  
18 mánaða til 18 ára**

Heimilisfaðirinn, Chanda Gwinuira, lést í fyrrasumar, af malaríu, segja þau, en líklegra er að hann hafi orðið alnæmi að bráð því Zakahérað hefur eina hæstu alnæmistíðni í landinu. Chanda var fjölkvænismaður – átti fimm eiginkonur og 23 börn.



Börnin í Gwinuira-fjölskyldunni brjóta upp marúla-ávöxtinn til að ná úr honum kjarna sem seður hungrið dálitla stund og hjálpar þeim að sofna, enda ávöxturinn örliðið áfengur.

**Sólveig Ólafsdóttir,  
upplýsingafulltrúi  
Alþjóðasambands  
Rauða krossins í  
sunnanverðri Afríku,  
skrifar um hungurs-  
neyðina í löndunum  
sunnan Sahara.  
Fénu sem safnast  
5. október í söfnun-  
inni *Göngum til góðs*  
verður varið til mat-  
vælaaðstoðar í sunn-  
anverðri Afríku.**

Elsta barnið er nú 18 ára og það yngsta 18 mánaða.

„Tvær fóru í burtu og skildu börnin eftir hjá okkur,” segir Mukoti

Makuwa, 40 ára, sem er nú kona númer eitt og höfuð fjölskyldunnar. „Það hefur alltaf verið erfitt fyrir svona stóra fjölskyldu að eiga í sig og á, en þetta ár hefur verið sérlega slæmt. Við sáðum bæði maís og korni en plönturnar visnuðu og dóu áður en janúar var allur.”

Gwinuira-fjölskyldan býr við örbirgð en saga þeirra er engan veginn einstæð, heldur samnefari fyrir álfuna. Hungursneyðin í sunnanverðri Afríku versnar dag frá degi og þúsundir sjálfspurftarbænda sem reiða sig á það litla sem landspildur þeirra gefa af sér hafa horft upp á uppskeruna visna og falla í þurrkatíðinni um jólaleytið.

**Sex milljónir á hungurmörkum í Símbabve**


Ástandið er hvað verst í Símbabve, þar sem um helmingur þjóðarinnar, eða sex milljónir manna, er talinn þurfa á matvælaaðstoð að halda. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum eru um 3,2 milljónir

Malavíbúa í hættu vegna hungursneyðarinnar og um það bil 2,3 milljónir í Sambíu. Um það bil hálf milljón manna í Lesótó þarfnast matvælaaðstoðar og um 230 þúsund alla íslensku þjóðina. Þótt flestir hafi aðgang að mat frameftir hausti, þá hafa margir – líkt og Gwinuira-fjölskyldan – lifað sumarið af með því að tína ber, villtar jurtir og ávexti.

**Pólitík og náttúruhamfarir**

Neyðarástandið sem nú ríkir í suðurhluta Afríku er margþætt og skapaðist ekki á einni nóttu. Hvirfilbyljir og flóð hafa valdið miklum usla í löndunum fimm undanfarin tvö ár og því höfðu margir þeirra sem minnst mega sín þegar gripið til örþrifaráða eins og að selja húsdýr sín til að kaupa mat. Þurrkarnir þetta árið hafa svo enn frekar aukið áþjón þessa fólks og það sér enga leið út úr ögöngunum.

Það er heldur ekki hægt að horfa framhá efnahagslegum og pólitískum þáttum sem gert hafa illt verra. Símbabve, sem eitt sinn var matarkista sunnanverðrar Afríku, verður að flytja inn 1,2 milljónir tonna af korni til að fæða þjóðina. Framleiðslan á kornmeti þetta árið var 57% minni en í fyrra – og þá var uppskerubrestur víða sökum flóða. Landtökustefna stjórnvalda hefur ennfremur dregið gífurlega úr framleiðslu landbúnaðarvöru. Fyrr á árinu rauk verð á maísmjöli í Malaví upp um 400% eftir að stjórnvöld ákváðu að selja allan varaforða sinn. Fátækar fjölskyldur höfðu ekki efni á að kaupa maís í verslunum og mörkuðu um á meðan þær biðu eftir næstu uppskeru og gripu því til þess ráðs að borða maískólfinn af stönglinum áður en hann var nógu þroskaður. Þetta leiddi svo aftur til enn minni uppskeru. Svipaða sögu má segja í Sambíu, Lesótó og Svasílandi.



### Fjöldi fólks sem nauðsynlega þarfnast matvælaaðstoðar:

- Simbabwe – 6 milljónir manna
- Malaví – 3,2 milljónir manna
- Sambía – 2,3 milljónir manna
- Lesótó – 500 þúsund manns
- Svasíland – 230 þúsund manns

### Alnæmisfaraldurinn gerir illt verra

Alnæmisfaraldurinn hefur líka tekið sinn toll og kynt undir. Talið er að 20–25% íbúa sunnanverðrar Afríku á barneignaraldri séu smituð af alnæmisveirunni. Þetta er hæsta hlutfall HIV-smitaðra í öllum heiminum. Stóraukna fátækt í þessum heimshluta má rekja að miklu leyti til alnæmisfaraldursins, þar sem framleiðsla hefur dregist stórfelldlega saman vegna þess hve margir veikjast eða falla frá af völdum sjúkdómsins. Þetta hefur haft víðtæk áhrif í landbúnaði, þar sem stór hluti vinnuaflsins (15–49 ára) er frá vinnu vegna eigin veikinda eða til að annast maka eða ættingja sem eru sjúkir. Þúsundir barna hafa misst foreldra sína vegna alnæmis og reyna af veikum mætti að sjá sér og sínum farborða – en þegar svo margir falla frá á besta aldri tapast verkunnáttan milli kynslóða og framleiðslan verður enn minni.

„Þarna skapast vítahringur sem erfitt er að brjóta upp. Því meiri sem örbrigðin er, þeim mun fleiri smitast af alnæmi. Og þegar vannæring eykst meðal íbúanna minnkar mótstöðuaflið. Það þýðir að fleiri smitast og þeir sem þegar eru smitaðir veikjast frekar af öðrum sjúkdómum eins og berklum og malaríu,” segir Elizabeth Chinyangara, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum í Simbabwe.

Hungur og örbrigð rekur fólk einnig til örvæntingarfullra aðgerða. Konur og börn selja sig fyrir matvæli, vændi eykst og enn fleiri smitast af alnæmi. Alnæmissmitaðir eru veikasti hlekkurinn í samfélaginu og þess vegna ætla Alþjóða-Rauði krossinn ásamt landsfélögum í löndunum fimm að einbeita sér að matvæladreifingu til þessa hóps. Rauði krossinn hefur árum saman unnið mikilvægt starf gegn útbreiðslu alnæmis í álfunni og á því auðvelt með að ná til þessara skjólstaðinga og aðstandenda þeirra.

Úlfar Hauksson, nýkjörinn  
formaður Rauða kross Íslands:

# Viðskipta- fræðingur og bíladellukarl

Viðskiptafræðingurinn Úlfar Hauksson verður á ferð og flugi næstu tvö árin. Úlfar er framkvæmdastjóri Nýju kaffibrenslunnar á Akureyri og var kosinn formaður Rauða kross Íslands á aðalfundinum í vor en sjálfboda-starf hefur verið hans helsta áhugamál síðasta aldarfjórðunginn. Úlfar vill efla tengsl og samvinnu Rauða kross Íslands við önnur félagasamtök í mannúðar- og heilbrigðismálum.

Mörg af okkar verkefnum skarast við vinnu annarra sem eru að sinna sambærilegum eða jafnvel sömu hlutum. Það er skylda okkar að fara eins vel og hægt er með þá fjármuni sem okkur er trúað fyrir og þá þurfum við að koma í veg fyrir að menn séu að margvinna sömu hlutina. Við erum auðvitað í slíku samstarfi en það má gera ennþá betur.

## Akureyringur í húð og hár

Það er kannski ekki skrítið að viðskiptafræðingurinn horfi á kosti samlegðarinnar, að taki menn höndum saman getur náðst betri árangur með minni tilkostnaði. En hver er þessi Úlfar Hauksson? Jú, Úlfar stendur á fimmtugu og er Akureyringur í húð og hár. Hann er fæddur þar og uppalinn og gekk beinu brautina til mennta. Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og fór þaðan suður í viðskiptadeild

Háskóla Íslands þar sem hann valdi þjóðhagssvið. Þetta var á áttunda áratugnum og frumjálkar tölvutækninnar að líta dagsins ljós með forritum sem bera svo skrítin nöfn að þau muna fáir lengur. En í náminu lagði Úlfar sig sérstaklega eftir að læra á þessi tæki. Sú þekking kom sér vel og hann var búinn að ráða sig í vinnu tveimur árum áður en hann lauk námi. Að loknu námi byrjaði hann því umsvifalaust að tölvuvæða starfsemi Akureyrarbæjar. Alls starfaði hann ellefu ár hjá bænum, síðari árin við fjárhagsáætlanagerð hjá hagsýsludeild. Árið 1988 réð hann sig til Ístess sem framleiddi fiskifóður og tveimur árum síðar var hann ráðinn framkvæmdastjóri Kaffibrenslu Akureyrar, sem nýlega varð Nýja kaffibrenslan, þar sem hann starfar enn. Í tæp 20 ár kenndi hann einnig þjóðhagfræði í stundakennslu við Menntaskólann á Akureyri.

Kona hans er Hólmfríður Andersdóttir bókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri og saman eigu þau Líneyju, sálfræðinema í Reykjavík, og Loga, 14 ára. Mikill tími fer hjá Úlfari í Rauða krossinn en hann segist

„Það er augljóst að menn þurfa að búa sig undir miklu meira flakk á fólki milli landa, með þeirri gleði og þeim óþægindum sem því fylgir.“

aldrei í öll þessi ár hafa heyrst styggðaryrði frá konu sinni þar að lútandi. „Hún og börnin hafa látið þetta yfir sig ganga með bros á vör.“

## Teoretískur bíladellukarl

Samhliða starfi, kennslu og fjölskyldulífi hefur Úlfar nefnilega í hartnær aldarfjórðung verið sjálfbodaði hjá Rauða krossinum. Segir sjálfbodaðamenskuna og stjórnarseturnar hafa verið sitt helsta hobbí, hann hafi aldrei verið eldheitur stangveiðimaður og því síður golfari. Þegar gengið er á hann kemur þó í ljós að í honum leynist bíladellukarl. „Ekki þannig að ég eigi fullt af gömlum hræjum, sé á risajeppa eða sportbíl heldur er þetta meira á teoretísku plani. Ég les mikið bíla-tímarit og fylgist vel með. Hef reyndar líka leyndan áhuga á skipum og flugvélum, yfirhöfuð á samgöngutækjum.“ Úlfar skrifaði meðal annars um bíla í dagblaðið Dag. „Ef ég hefði haft efni á því að fara í flug-tíma þegar ég var í námi þá hefði ég sjálfsagt gert það. En ég læt mér bara nægja flughermi ...“

En Úlfar var ekki fyrr snúinn aftur á æskustöðvarnar að loknu háskólanámi þegar hann var gripinn til starfa hjá Rauða kross deildinni á Akureyri. „Ég hafði unnið sem slökkviliðsmaður og sjúkraflutningamaður á sumrin og kynnst þannig starfi deildarinnar. Það var Gísli Ólafsson sem kom að máli við mig og vildi fá mig í nefnd um neyðar-

varnir. Þannig hófst þessi ganga og skömmu síðar var mér tilkynnt að ég hefði verið kosinn varamaður í stjórn,“ segir Úlfar og brosir hæglátlega. Árið 1981 var hann síðan kosinn í stjórn og á árunum 1989–94 var hann formaður deildarinnar. Árið 1994 settist hann í stjórn Rauða kross Íslands og var varaformaður félagsins frá 1996–2001. „Varaformannstíllinn var reyndar ekki mjög íþyngjandi því að Anna Þrúður Þorkeldsdóttir var svo drífandi formaður.“

## Sjá við þjóðfélagspróuninni

Anna Þrúður kvaddi á aðalfundi í vor eftir sex ára formennsku. Í tíð sinni lagði hún megináherslu á að virkja betur deildirnar, og það hefur gengið eftir, meðal annars vegna þess að deildirnar hættu að reka sjúkrabíla og þegar þeirri byrði var létt af deildunum höfðu þær meiri tíma og fjármuni til að sinna öðrum verkefnum. „En ein mesta lyftistöngin fyrir deildirnar hefur verið formlegt samstarf deilda innan svæða. Litlar og fámennar deildir ráða miklu frekar við stærri verkefni í samstarfi við aðrar. Ég hef tröllatru á auknu deildasamstarfi og það á örugglega eftir að vaxa því deildunum líkar þetta samstarf yfirleitt mjög vel.“

Tvö forgangsmál eru ofarlega í huga Úlfars, annars vegar aukið samstarf við önnur félagasamtök og stofnanir eins og áður er getið, en hins vegar telur Úlfar að Rauði kross Íslands þurfi að leggja meiri vinnu í



„Stundum fær maður á tilfinninguna að maður sé að gera eitthvert gagn. Það er næg umbun.“

að búa sig undir verkefni framtíðar. „Félög eins og Rauði krossinn búa yfir gríðarlega mikilli þekkingu á þjóðfélagsmálum og samfélagslegri þróun í heiminum,“ segir Úlfar og telur að hreyfingin eigi að kortleggja það samfélag sem í vændum er og búa sig undir verkefni í samræmi við það. „Það er til dæmis augljóst að menn þurfa að búa sig undir miklu meira flakk á fólki milli landa, með þeirri gleði og þeim óþægindum sem því fylgir. Nú ferðast fólk frjálst innan Schengenlandanna, innan Evrópska efnahagssvæðisins eru litlar takmarkanir á búferlaflutningum og ef Evrópusambandið stækkar til austurs geta menn vænst holskeflu. Svo virðist sem alls staðar í hinum vestræna heimi séu stjórnvöld að takmarka

**„Konan og börnin hafa látið sjálfböðavinnuna yfir sig ganga með bros á vör.“**

fjárveitingar til samhjalpar. Öryggisnetið er sums staðar að gisna og samhjálp fjölskyldu og ættingja verður erfiðari með auknum fólksflutningum. Verkefni frjálsra félagsamtaka eins og Rauða krossins munu því sennilega fara vaxandi í allsnægtasamfélaginu. Við þurfum að búa okkur undir komandi samfélag eins og kostur er.“

– Nú hefur útlendum ríkisborgurum fjölgað um meira en helming á síðustu sjö árum, þannig að þessi þróun er hafin. Hefur Rauði krossinn hlutverki að gegna í þessu breytta samfélagi sem er að verða til?

„Rauði krossinn hefur á undanförunum áratugum aðstoðað flóttamenn við að koma til Íslands og aðlagast íslensku samfélagi. En flóttamenn eru auðvitað bara lítill hluti þeirra útlendinga sem hingað koma. Á aðalfundi á Egilsstöðum í sumar var einmitt fjallað um þessi mál og þar komum við okkur saman um ákveðna stefnu í málefnum útlendinga. Við viljum nýta fólk af erlendum uppruna innan Rauða krossins og

við viljum líka aðstoða þá sem hingað koma við að fóta sig í samfélaginu á meðan það er þeim framandi. Ég tel að þannig getum við komið í veg fyrir sum af þeim vandamálum sem nágrannaþjóðir okkar hafa lent í.

En það er margt fleira sem brennur á Rauða krossi Íslands, segir Úlfar. Það er brýnt að vinna áfram að málefnum geðfatlaðra, efla heimsóknarþjónustu og aðstoða ungt fólk, ekki síst einstæða foreldra sem hafa enga framhaldsskólamenntun. „Þær athuganir sem Rauði krossinn hefur gert sýna að þessir hópar þurfa mjög á aðstoð að halda.“

#### Gerir stöku sinnum gagn

Rauða kross starf er tímafrekt og þótt staða formanns Rauða kross Ís-

lands sé ólaunuð eru gerðar miklar kröfur til þess sem henni gegnir. Stjórnir deilda og landsfélags eru skipaðar sjálfböðaliðum, sem hljóta

að hafa brennandi áhuga á starfinu.

„Við erum ekki að þessu fyrir okkur sjálf. Það er nú einmitt helsti kosturinn við þetta félag hvað hugsjónirnar eru skýrar. Starfið snýst eingöngu um að lina eða koma í

veg fyrir þjáningar fólks í víðustum skilningi.“

– En finnst þér ekkert eins og þú sért að berjast hausnum við steininn?

„Jú, jú, oft. En stundum fær maður á tilfinninguna að maður sé að gera eitthvert gagn. Það er næg umbun.“

**„Það er skylda okkar að fara eins vel og hægt er með þá fjármuni sem okkur er trúað fyrir og þá þurfum við að koma í veg fyrir að menn séu að margvinna sömu hlutina.“**



# Nördarnir líka velkomnir!

Fyrsta mánuðinn sat Ellý ein og yfirgefin á kaffihúsi unga fólksins á Akranesi. Svo fór húsið að spyrjast út og krakkar að tínast inn. Kvöldið sem Hjálpin heimsótti Húsið á Skaganum var þar fullt af ungmennum að spjalla, hlusta á músík, horfa á sjónvarp, vafra á netinu ...

**M**yndlistarkonan Ellý, betur þekkt sem Ellý í Q4U, var í vor ráðin til að reka kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk á Akranesi. Félagslíf fyrir krakka á aldrinum 16 til 20 ára hefur verið heldur bágborið á Akranesi. Eða eins og Vera, einn af fastagestum Hússins, orðar það dæsandí: „Félagslífið var rúnturinn. Það var ekkert að gera hérna.“

Það eru Rauða kross deildirnar á Vesturlandi sem hrintu í framkvæmd

þeirri hugmynd að koma upp vímu- lausu kaffi- og menningarhúsi fyrir þennan aldurshóp. Deildirnar gerðu samning við Akraneskaupstað sem kveður á um að bæjarfélagið leggi til húsnæði árið 2002 en deildirnar á Vesturlandi sjái að öðru leyti um reksturinn. Á næsta ári kemur að auki fjárframlag frá bænum og í byrjun árs 2004 tekur Akraneskaupstaður við rekstrinum. Starfsemiinni var fundinn staður í húsi sem áður hýsti meðal annars Iðnskólann og

Dagskrá vetrarsins er í mótun en til stendur að stofna umræðuhópa. Þá ætlar Ellý að kenna myndlist, en aðrir verða fengnir til að kenna leiklist, tónlist og fjalla um umhíru húðar.

skrifstofur VÍS. Húsið var opnað í nýrri mynd 1. maí í vor og þótt nafnasamkeppnin sé óhaldin þá hefur heitið Húsið fest við staðinn og þykir viðeigandi. Í ljósi þess að Hitt húsið er í höfuðborginni.

## Músík og ljúffengt kaffi

Blaðamaður og ljósmyndari Hjálparinnar renna á hljóðið á fimmtudagskvöldi í september. Klukkan er rétt orðin átta og það eru fáir á stjaki um Húsið. Ellý býður kaffi og fer kunnáttuhöndum um espressóvélinu – enda búin að fara á kaffigerðar- námskeið. Einn af fastagestum stendur vaktina í sjoppunni og fljótlega koma þær Vera Knútsdóttir, 16 ára nemi í Fjölbaut, og Anna Jónsdóttir, 19 ára starfsmaður í eldhúsinu á sjúkrahúsinu, sem hafa verið tíðir gestir í Húsinu. Við setjumst niður yfir súkkulaðikexi og kaffi og það er ljóst frá fyrstu sekúndum samtalsins að það er ekkert kynslóðabil milli forstöðukonunnar og unglínganna.

„Ég sat hérna ein fyrsta mánuðinn með verka- og iðnaðarmönnum,“ segir Ellý aðspurð hvernig hafi gengið að laða krakkana inn í húsið ...

„... og svo kom ég og gaf lífinu





lit!“ bætir Vera við og þær skella upp úr. Í byrjun sumars fór hópur krakka að venja komur sínar í húsið. „Ég var búin að bíða lengi eftir einhverju svona. Vinkonur mínar voru ekkert spenntar þannig að ég fór bara ein. Svo hitti ég hana ...,” segir Vera og lítur glottandi á Ellý, „og þá varð ekki aftur snúið.“

### Öllum tekið fagnandi

Fólk fer að tínast inn þegar líður á níunda tímanna og Ellý heilsar öllum kumpánlega. Ef þeir eru nýir tekur hún gestunum sérstaklega fagnandi, sýnir þeim sjónvarpskrókinn, sitengdu tölvurnar, spilakassann og kaffi- og veitingasöluna. Framundan er svo kennsla í myndlist, leiklist, raftónlist – en leikfimin er þegar byrjuð og kennir Ellý hana við góðan orðstír.

Ellý fékk engin fyrirmæli um hvernig hún skyldi haga starfseminni en hefur sjálf ákveðnar skoðanir á unglingastarfi. „Ég er AA-maður og búin að vera það í ellefu og hálfu ári. Ég fór sjálf rosalega vill vegar sem unglingur og hef brennandi áhuga á að koma í veg fyrir að aðrir geri það.“

Anna og Vera eru fyllilega sáttar við vímueysið. „Það er náttúrulega langskemmtilegast að koma hingað og skemmta sér edrú,” segir Anna, „en sumir eiga bara dálítið erfitt með það.“

### Hræddir við nördastimpilinn

Um 20–30 krakkar hafa verið tíðir gestir í Húsinu í sumar en nú þegar Fjölbrautaskólinn er byrjaður er vonast til að ungmenni Skagans taki að fjölmenna á staðinn. Þó er yfir eina hindrun að fara því sumir eru með netta fordóma gegn svona vímulausri miðstöð fyrir unglinga. „Sumir eru hræddir um að vera stimplaðir nördar. Halda að þetta sé bara fyrir lúðana sem eiga sér ekkert líf,” segir Vera og fassar. „En það eru miklu frekar nördarnir sem halda sig úti!“ bætir Ellý við – „því þeir eru svo hræddir við að fá á sig nördastimpilinn.“

Þegar Húsið er orðið fullt af fólki og kaffivélin farin að suða heimilislega kveðjum við þessa kraftmiklu móður fjögurra barna á aldrinum tveggja til átján ára. Konu sem leggur greinilega líf sitt og sál í starfið og er orðin trúnaðarvinur fastagestanna. Ef svona konu tekst ekki að laða unglingana á Skaganum inn í Húsið – þá getur það enginn.

## Hin kaffi- og menningarhúsin

Nú hafa fjögur kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk verið stofnuð á landinu, að frumkvæði Rauða kross Íslands. Krakkar á framhaldsskólaaldri eiga yfirleitt engan samastað í félagslífi landsmanna. Félagsmiðstöðvar eru fyrir 13–16 ára, skemmtanálífið fyrir 20 ára og eldri. Kaffihúsunum er ætlað að fylla upp í þetta gat og veita ungmennum aðstöðu fyrir vímulaust félagslíf.

## Geymslan á Sauðárkróki

Í fyrra var starfræktur fræðsluhópur fyrir stelpur til að hvetja ungar stúlkur til dáða. Rætt var um allt frá fjármálum til feminisma og heppnaðist starfið mjög vel.

Geymslan var opnuð 28. apríl í vor og það var sterkur hópur krakka sem sá um að mála og setja húsið í stand með forvarnarfulltrúa staðarins í broddi fylkingar. „Við sáum það náttúrulega eftir á að húsið var opnað á kolröngum tíma,” segir Árdís Antonsdóttir, sem situr í stjórn Rauða kross deildarinnar í Skagafirði. „Í lok apríl voru krakkarnir á leið í próf og síðan heim til sín í sumarvinnu. En í vetur verður ráðinn maður í hlutastarf og stefnan er að

hafa opið minnst 2–3 kvöld í viku. Krakkarnir eru uppfyllir af hugmyndum og við ætlum að leyfa þeim að ráða ferðinni.“ Fyrirverandi forvarnarfulltrúi staðarins, Halla Björk, kom hópnun í tengsl við verkefnið *Ungt fólk í Evrópu* og það hefur orðið krökkunum mikil hvatning. „Krakkarnir eru spenntir fyrir þessu og það eru þegar tveir hópar búnir að fara utan, einn til Póllands og annar til Ítalíu.“ Þá ætlar Rauða kross deildin að kaupa upptökuvél og klippigræjum til að koma krökkunum af stað í stuttmyndagerð. Þrjár hljómsveitir hafa fengið æfinga- aðstöðu í húsinu og stefnt er að því að halda uppi öfl-



ugu hópastarfi í Geymslunni. Vonast er til að hægt verði að ná samkomulagi við deildirnar í Skagafirði, á Blönduósi,

Hvammtanga og Siglufirði um að leggja fram fé til að hægt verði að fá mann í fulla vinnu.

## Gamla apótekið á Ísafirði

Rösklega tveggja ára reynsla er nú komin á Gamla apótekið á Ísafirði. Húsið er opið alla daga, árið um kring og í því er tölvuver, billjarðstofa og spilastofa, kaffihús og hljóðeinöngruð æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir. Síðast en ekki síst á húsið útvarpsendi og krakkarnir hafa rekið þar útvarpsstöð með hléum og vakið mikla lukku. „Krakkarnir hafa sjálfir aflað fjár til að reka útvarpið og tekist að láta enda ná saman, meðal annars með spurningakeppnum sem fyrirtæki hafa greitt fyrir að taka þátt í,” segir Sigríður Magnúsdóttir, formaður Öfundarfjarðardeildar. „Húsið er búin að festa sig í sessi en ég vil að fleiri og eldri unglingar nýti sér þessa aðstöðu. En við erum að reyna að breyta samfélagsmunstri Íslendinga og bæta unglíngamenn-inguna með þessum húsum og það er erfitt.“ Forstöðumaðurinn í Gamla apótekinu er í 100% starfi en auk þess er ævinlega einn starfsmaður á



launum þegar kaffihúsið er opið. Það eru Rauða kross deildirnar á Vestfjörðum, Hollvættir Menntaskólans og forvarnarhópurinn Vávest sem standa að rekstri Gamla apóteksins en ýmsir, meðal annars ríki og sveitarfélag, leggja fé til þess.

## Tún á Húsavík

Tún á Húsavík er rétt að komast á laggirnar. „Reksturinn hófst rétt fyrir jólin en þá voru krakkarnir auðvitað búnir að binda sig í ýmiss konar félagslífi,” segir Guðný Björnsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Norðurlandi. „Krakkarnir skiluðu sér því ekki eins og skyldi en nú er búin að ráða mann í 50% starf. Meiningin er að þarna verði ýmiss konar klúbbastarfsemi en nú er það bara krakkanna að koma og láta sjá sig og nýta sér þennan valkost.“ Húsavíkurbær styrkir húsið um sem svarar leigu, hita og rafmagni, ýmis félagsamtök og fyrirtæki á Húsavík styrkja einnig starfsemina og Rauða kross deildin á Húsavík lagði fram stofnframlag og hyggst síðan vera með ýmiss konar verkefni og námskeið í Túni.

Unga fólkíð og Rauði krossinn

# Smokka átak URKÍ

Erla Svanhvít Guðmundsdóttir, formaður URKÍ, skrifar

„Notaðu smokkinn svo þú getir eignast börn“ sagði URKÍ í átaki sínu um verzlunarmannahelgina þegar sjálfboðaliðar hreyfingarinnar stóðu á Reykjavíkurlflugvelli og BSÍ, gáfu smokkalyklakippur og póstkort og hvöttu fólk til að nota smokkinn.

Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands (URKÍ) hefur staðið fyrir átaki gegn kynsjúkdómum og alnæmi síðan 1. desember síðastliðinn og því lýkur 1. desember næstkomandi. Ýmislegt hefur verið gert til þess að vekja á athygli á þessu málefni, meðal annars útbúið plakát sem dreift var í félagsmiðstöðvar og víðar og umfjöllun var um alnæmi í Plús C, blaði Ungmennahreyfingarinnar.

Stærsta verkefnið til þessa var átakið um síðustu verzlunarmanna-

helgi undir kjörorðunum „Notaðu smokkinn svo þú getir eignast börn“ og „Gleym mér ei“ – hvatning til ungs fólks um að nota smokkinn til að verjast alnæmi og kynsjúkdómum.

## 2000 greinast með klamidíu

Á Íslandi greinast um 2000 einstaklingar á ári hverju með kynsjúkdóminn klamidíu, ívið fleiri stelpur en strákar. Strákar eru hins vegar líklegri til að smita. Mikil aukning hefur verið í klamidíusýkingum undanfarið ár og geta afleiðingar sjúkdómsins verið alvarlegar. Ein af hverjum tíu konum sem smitast af klamidíu verða ófrjóar í kjölfarið. Það þýðir að 100 konur verða ófrjóar á hverju einasta ári í kjölfar klamidíusýkingar. Þess vegna er mikilvægt að nota smokk-

**100 konur á Íslandi verða ófrjóar á hverju einasta ári í kjölfar klamidíusýkingar**



Smokkakortíð sem dreift var til ungmenna um verzlunarmannahelgina og er enn í dreifingu á kaffihúsum og skemmtistöðum höfuðborgarinnar.

inn ekki eingöngu sem vörn gegn kynsjúkdómum og getnaði heldur einnig til þess að geta eignast börn í framtíðinni.

Nú greinist um það bil einn einstaklingur í mánuði HIV-jákvæður á Íslandi og eru gagnkynhneigðir í meirihluta þeirra sem smitast. Kemur það mörgum á óvart þar sem HIV-sýking og alnæmi í kjölfarið hefur lengi verið talin sjúkdómur samkynhneigðra karlmanna. Undanfarið hefur HIV-jákvæðum fjölgað mest meðal gagnkynhneigðra ungra kvenna. Flestir sem smitast af HIV-veirunni eru á aldrinum 25–29 ára.

Smokkurinn er góð getnaðarvörn og ver einnig gegn kynsjúkdómum ef hann er notaður allan tímann meðan á samförum stendur. Þannig má forðast afleiðingar sýkinga og forðast ófrjósemi af völdum þeirra. Allir vita að smokkurinn er dýr á Íslandi. En í ljósi þess að mörg kaupum við

kók á hverjum degi, förum í bíó einu sinni í viku, klippingu einu sinni í mánuði og fleira sem við teljum nauðsynlegt, þá eru 100 krónur í hvert skipti ef til vill ekki mikið – samanborið við til dæmis glasafrjóvgun sem kostar hundruð þúsunda.

## Þekktu ekki Húð- og kyn

Átakinu um verzlunarmannahelgina var vel tekið, vakti upp umræðu í samfélaginu og var því tilgangi átaksins náð. Sjálfboðaliðarnir furðu sig þó einna helst á því hvað margir spurðu hvert ætti að leita ef einstaklingur hefði grun um að hann hefði smitast af kynsjúkdómi. Svo virðist sem margt ungt fólk viti ekki um tilvist Húð- og kynsjúkdóma-deildar.

Þessar upplýsingar vekja okkur í URKÍ til umhugsunar um hvort þörf sé á því að fylgja þessu betur eftir og kynna leiðirnar sem eru í boði til þess að láta greina kynsjúkdóma og HIV-sýkingu.

● Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands (URKÍ) er vettvangur fyrir ungt fólk til að starfa að mannúðarmálum innan stærstu mannúðarhreyfingar heims. Í URKÍ er ungt fólk á aldrinu 8–30 ára sem starfar að ýmsum verkefnum í anda grundvallarmarkmiða Rauða kross hreyfingarinnar.



## Geimverur gegn fordómum

Uppblásnum geimverudúkkum í undarlegum litum verður plantað á áberandi stað í náinni framtíð. Þetta er liður í átaki URKÍ gegn fordómum á Íslandi.

Ungmennahreyfingin ákvað á síðasta ári að hefjast handa og berjast gegn fordómum í kjölfar umræðu í samfélaginu um fordóma. Átakið hófst með umfjöllun í málagnu URKÍ, Plús C, en þar voru nokkrir fengnir til að tjá sig um fordóma og hvernig þeir birtast í íslensku samfélagi, meðal annars prestur innflytjenda,

fatlaður maður og sjálfboðaliði í Rauða krossinum.

Nú er á döfinni að fá verkefni frá dönsku ungmennahreyfingunni að láni. „Við fáum í lið með okkur geimverur sem líta öðruvísi út, eru öðruvísi á litinn, hreyfa sig öðruvísi og tala öðruvísi en við hin, þessi „venjulegu“,“ segir Erla Svanhvít Guðmundsdóttir, formaður URKÍ. Geimverurnar verða þannig fulltrúar þeirra hópa sem verða fyrir barðinu á fordómum í samfélaginu. Kjörorðin dönsku eru „Giv racismen fingeren“ og „Sig fra“ sem á íslensku mætti

útleggja: Gefum frat í rasismann; og: Segjum frá – þegar við verðum vitni að kynþáttafordómum. Auk þess að koma dúkkunum fyrir á áberandi stað er ætlunin að dreifra póstkortum, kveikja umræðu og efna til allsherjar vitundarvakningar í samfélaginu með aðstoð geimveranna. Átakinu er sérstaklega beint að ungu fólk svo það átti sig á eigin fordómum. „Það eru jú allir með einhverja fordóma og það er ekki hægt að vinna bug á eigin fordómum fyrr en maður veit hverjir þeir eru.“

Rauðakrosshúsið berst gegn mynd markaðsaflanna:

# Egó

– styrkjum sjálfsmynd unglingsanna

Það þarf sterk bein til að þola unglingsárin á okkar tímum, segja þau Edda og Haukur í Rauðakrosshúsinu við Tjarnargötu. Því hafa menn safnað saman vopnum og brátt verður herferðinni Egó ýtt úr vör. Eskimo models áttu hugmyndina og markmiðið er að styrkja unglunga til að móta *eigin* sjálfsmynd.

Ofbeldi er orðið harkalegra og sýnilegra, umburðarlyndi gagnvart fíkniefnum hefur aukist og þreyta er komin í viðleitni samfélagsins til að sporna við áfengisdrykkju unglunga, segja þau Edda Hrafnhildur Björnsdóttir forstöðumaður og Haukur Hauksson unglingsráðgjafi í Rauðakrosshúsinu við Tjarnargötu. „Áreitið er orðið svo mikið,“ segir Edda, „að ég held að það sé flóknara að vera unglungur núna en það var fyrir nokkrum árum. Ég held þeir þurfi að vera sterkari persónuleikar og með mótaðri sjálfsmynd, yngri og fyrr en áður.“

Egó-herferðin er unnin í samstarfi við Eskimo models, Geðrækt, Hitt húsið og heilsugæsluna á höfuðborgar-



Unglingarnir tala um hass eins og áfengi og virðast ekki vita að hassið er ólöglegt, segja Haukur og Edda.

svæðinu. Tímarit verður gefið út, sýnt myndband og farið í grunn- og framhaldsskóla. „Tilgangurinn með verkefniinu er að hvetja unglunga til að horfa gagnrýnum augum á þær fyrirmyndir sem markaðsöflin ota að þeim.“

Áreitið, ímyndirnar, neyslan og afskiptaleyfi foreldra eru helstu ástæður þess að unglingar leita til Rauðakrosshússins. Þar geta þeir gist, þegið ráðgjöf og fengið að ræða sín vandamál í trúnaði við hlutlausan aðila áður en þeir halda út í lífið að nýju. Þessum ungmennum hefur fjölgað á síðustu 5 árum og viðhorf þeirra hafa líka breyst, segja Edda og Haukur. „Mér dauðbrá um daginn þegar við vorum að tala við 14 ára stúlku sem hikaði ekki við að viðurkenna að hún drykki tvisvar til þrisvar um hverja helgi. Fyrir nokkrum árum hefðu krakkar á hennar aldri reynt í lengstu lög að fela drykkjuna fyrir okkur,“ segir Edda og þykir til marks um umburðarlyndi samfélagsins gagnvart neyslu unglunga. „Krakkar á framhaldsskólaaldri tala orðið um hassneyslu eins og áfengisneyslu, þau virðast ekki hafa skilning á því að hassið er ólöglegt.“

Á sama tíma telja þau orðið algengara að foreldrar gefi börnum sínum áfengi. „Ég held það sé mjög algengt að unglingar fái bjór með pítsunni á föstudagskvöldum með foreldrum sínum,“ segir Haukur. „Auðvitað er þetta útópían, að unglingarnir læri að drekka af foreldrunum frá 16 ára aldri, en ég held að það sé of snemmt. Mér finnst misskilinn menningarbragur á þessu.“

Hraðinn í samfélaginu er orðinn slíkur, segja þau Edda og Haukur að lokum, að hann er farinn að skila sér í afskiptaleyfi foreldra. Það eru sjaldnar samskiptaörðugleikar á heimili sem ýta unglungum til að flýja í Rauðakrosshúsið, segir Haukur, miklu oftast samskiptaleyfi. „Ég held að menn oftúlki löngun unglunga til að vera einir á báti,“ bætir Edda við. „Ég held að unglingar hafi alveg sömu þörf og aðrir fyrir að vera hluti af fjölskyldunni. Barn sem er orðið unglungur þarf áfram öryggi, ástúð og umhyggju og það er réttur foreldra að skipta sér af unglungunum sínum. Unglingarnir verða oft eyland og ráða ekki við það.“

Endurlífgunarráð vill kenna landsmönnum nýja leið í endurlífgun:

## Hringja – hnoða

Ef þú verður vitni að manni í hjartastoppi áttu *fyrst* að hringja í 112 og *síðan* að gefa hinum slasaða hjarta-hnoð – þ.e. ef þú ert í þéttbýli. Nýjustu rannsóknir sýna nefnilega að blástursaðferðin skiptir ekki sköpum fyrstu fimm til sex mínúturnar.



Fólk eyðir oft dýrmætum tíma í að velta blástrinum fyrir sér við endurlífgun, segir Davíð, og tafir á hjartahnoði geta skilið á milli lífs og dauða.

„Það hefur komið í ljós í rannsóknum á síðustu árum að blásturinn skiptir ekki öllu á fyrstu mínúturnum og því hafa menn leitað leiða til að einfalda þetta ferli, ekki síst vegna þess að blásturinn vefst oft fyrir fólki,“ segir Davíð O. Arnar, formaður Endurlífgunarráðs sem hyggur nú á herferð til að brýna fyrir fólki að *hringja* fyrst og *hnoða* svo þegar það verður vitni að hjartastoppi.

Það er lykilafríði að hringja strax í sjúkrahúsi með hjartastuðtæki, en þeir eru að meðaltali 4,6 mínútur á staðinn á höfuðborgarsvæðinu. Þá fyrst á fólk að hnoða hjartað. „Hjartahnoðið er svo mikilvægt vegna þess að það getur viðhaldið blóðflæði til hjartans og þá er líklegra að hægt verði að meðhöndla sjúklinginn með rafstuði á brjóstið þegar sjúkrahúsið kemur. Hjartahnoðið dregur líka úr hættunni á varanlegum heilaskemmdum.“

Þó að algengara sé að leikmenn geri tilraun til endurlífgunar hér á landi en í nágrannalöndunum segir Davíð að skilyrðislaust ætti að stefna að því að menn verði enn reiðubúnari til þess. „Við erum að vona að okkur takist að fjölga þessu fólki verulega með þessari herferð og að það skili sér með því að fleiri lifi af hjartaáfall.“

Fjölskyldumiðstöðin veitir ráðvilltum fjölskyldum aðstoð:

## Í gegnum sviptingar unglingsáranna

Ég er tiltölulega venjulegt foreldri en svo tekur barnið mitt eða unglungurinn upp á því að verða óviðráðanlegur, uppstökkur eða fáskiptinn. Hvað á til bragðs að taka?

Það er til dæmis hægt að hringja í síma 511 15 99 – á Fjölskyldumiðstöðina við Barónsstíg. Rúmlega fjögur hundruð fjölskyldur fóru í viðtöl á miðstöðinni á síðasta ári.

„Fjölskyldumiðstöðin var sett á fót árið 1997 í tengslum við átakið Ísland án eiturlyfja, með fulltingi ríkis, borgar og Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands. Reykjavíkurdeildin leggur 1,5 milljón til rekstrar miðstöðvarinnar á ári og á tvo fulltrúa í verkefnisstjórn,“ segir Erla Þórðardóttir félagsráðgjafi og starfsmaður miðstöðvarinnar.

Skólaerfiðleikar, hegðunartruflanir barna og unglunga, vímuefnaneysla, fyrirkomulag umgengni, hjónabandserfiðleikar og skilnaðir eru helstu ástæður þess að fólk finn-



„Ég hef talað við fólk sem segir að samskiptin á heimilinu hafi breyst mikið við að koma í viðtöl hingað,“ segir Erla

ur sig knúði til að hringja í Fjölskyldumiðstöðina. Þar getur fjölskyldan mætt í klukkutímaviðtal, sér að kostnaðarlausu, til að greina vandann. Ef þörf er á fleiri viðtölum þá eru þau veitt. Síðan getur fjölskyldan tekið þátt í hópstarfi. Hópmeðferðin stendur í sex vikur, eitt skipti í viku, og henni lýkur með viðtali við hverja fjölskyldu. „Ég hef talað við fólk sem segir að samskiptin á heimilinu hafi breyst mikið við að koma í viðtöl hingað. Það virkar oft vel á samskipti innan fjölskyldu þegar fólk kemur inn í aðeins form-

legri aðstoður með utanaðkomandi aðila.“

Ef fjölskyldumiðstöðin telur sig ekki í stakk búna til að aðstoða fólk þá er því vísað áfram á rétta aðila. Tveir fastir starfsmenn eru á miðstöðinni og öll þjónusta á hennar vegum er foreldrum að kostnaðarlausu. „Þetta úrræði er mjög aðgengilegt fyrir foreldra,“ segir Sigurveig H. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Reykjavíkurdeildar, „því þarna þarf engar tilvísanir. Þeir bara hringja – og fá aðstoð. Ég heyrði einn ráðgjafann okkar kalla þetta „Rauðakrossþjaldið“ því þarna er ekkert vesen og biðtími eftir viðtölum mjög stuttur.“

Fjölskyldumiðstöðin er í Heilsumverndarstöðinni við Barónsstíg. Sími: 511 15 99.

Viðvera:

Mánudaga og þriðjudaga kl. 9–18, miðvikudaga kl. 9–20, fimmtudaga kl. 9–17. Föstudaga kl. 9–12

# Hvar eru sendi- fulltrúarnir okkar?

Á þriðja tug sendifulltrúa fer héðan á hverju ári til starfa á erlendri grundu. Sendifulltrúarnir vinna ýmist við neyðaraðstoð í skemtri tíma eða taka að sér langtímaverkefni við þróunarhjálp. Verkefni taka oftast sex til tólf mánuði, en sumir hafa samning til lengri tíma. Um þessar mundir eru 11 sendifulltrúar frá Íslandi að störfum erlendis en það breytist hratt því sendifulltrúar koma og fara eftir þörfum.

**NAFN:** Ómar Valdimarsson  
**STAÐA:** Kynningarfulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans á svæðisskrifstofunni í Austur-Asíu  
**LAND:** Taíland  
**ALDUR:** 52

Ómar hefur einkum unnið að uppbyggingu upplýsingamála hjá landsfélögunum í Austur-Asíu. Þetta er víðfeðmt svæði og vegalengdir miklar en á starfssvæði hans eru m.a. Ástralía, Nýja-Sjáland, Japan, Kórea, Taíland, Malasía, Kína og fleiri. Alls eru yfir 32 landsfélög á hans könnu. Ómar hefur aðsetur í Bangkok og dvelst þar ásamt eigin konu sinni og dóttur. Hann hóf störf í ágúst 1999.

**NAFN:** Hlín Baldvinsdóttir  
**STAÐA:** Yfirmaður sendinefndar Alþjóðasambandsins í Bakú  
**LAND:** Aserbaídsjan  
**ALDUR:** 58

Hlín hefur áður verið sendifulltrúi í Írak, Kongó og Tansaníu og einkum unnið við almenna stjórnun og fjármálastörf. Áður hafði Hlín búið í Kaupmannahöfn í mörg ár, byggt þar upp hótél og stýrt.

**NAFN:** Ríkarður Pétursson  
**STAÐA:** Byggingarfulltrúi Alþjóðasambandsins á skjálftasvæðum í Nahrín  
**LAND:** Afganistan  
**ALDUR:** 50

Ríkarður vann á árunum 1992–96



Hjördís Guðbjörnsdóttir er sendifulltrúi Rauða kross Íslands í Mósambík, þar sem hún aðstoðar mósambíska Rauða krossinn við að koma á fót heilsugæslustöð og starfi sjálfboðaliða í tengslum við hana.

fyrir Rauða krossinn í Bosníu og Hersegóvínu, Afganistan, Suður-Súdan og Úganda. Hann er rafiðnaðarverkfræðingur að mennt og hafa störf hans aðallega tengst byggingarframkvæmdum. Hann hefur einnig unnið að áætlanagerð og dreifingu hjálpargagna.

**NAFN:** Hjördís Guðbjörnsdóttir  
**STAÐA:** Hjúkrunarfræðingur og umsjónarmaður heilsugæsluverkefnis MRK, RKÍ og ÞSSÍ í Matutuine  
**LAND:** Mósambík  
**ALDUR:** 51

Hjördís hóf störf í Mósambík í ársbyrjun 2000 og vinnur við að efla almenna heilsugæslu í Matutuine-héraði sem er skammt frá Maputó, höfuðborg landsins. Uppbyggingin í Matutuine er samvinnuverkefni Rauða kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og mósambíska Rauða krossins.

Þór starfað í Búrúndí, Tadsjikistan og Bosníu og hefur unnið fyrir ýmis mannúðarsamtök í um áratug. Þór er rekstrar- og viðskiptafræðingur að mennt.

**NAFN:** Steinunn Blöndal  
**STAÐA:** Hjúkrunarfræðingur á vegum Alþjóðaráðsins  
**LAND:** Suður-Súdan  
**ALDUR:** 29

Steinunn lauk námskeiði fyrir sendifulltrúa hjá Rauða krossi Íslands í apríl og starfar nú á sjúkrahúsi í Juba í Suður-Súdan þar sem hún þjálfar m.a. innlenda starfsmenn. Þetta er fyrsta verkefni hennar fyrir Rauða krossinn.

**NAFN:** Eva Laufey Stefánsdóttir  
**STAÐA:** Hjúkrunarfræðingur  
**LAND:** Kenía  
**ALDUR:** 32

Eva starfar í norðurhluta Kenía á spítala sem Alþjóðaráð Rauða krossins rekur vegna borgarastríðsins í Súdan. Hún fór utan í byrjun febrúar og verður fram í nóvember. Þetta er fyrsta verkefni hennar á erlendri grundu sem sendifulltrúi en áður starfaði hún í Gambíu á vegum ungmennehreyfingarinnar.

**NAFN:** Sólveig Ólafsdóttir  
**STAÐA:** Upplýsingafulltrúi fyrir sunnanverða Afríku  
**LAND:** Simbabwe  
**ALDUR:** 37

Sólveig býr í Harare, höfuðborg Simbabves, og gegnir þar stöðu upplýsingafulltrúa Alþjóðasambandsins á svæðisskrifstofunni fyrir sunnanverða Afríku. Um tíu landsfélög eru á því svæði. Sólveig hóf störf í Harare í júlí 2001. Áður hafði hún gegnt starfi kynningarfulltrúa Alþjóðasambandsins í Genf og sinnti þá einnig ýmsum verkefnum á vettvangi hamfara, s.svo sem á flóðasvæðum í Kína og jarðskjálftasvæðum í Indlandi og á Taívan.

**NAFN:** Áslaug Arnoldsdóttir  
**STAÐA:** Hjúkrunarfræðingur, sér um fangaheimsóknir á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins  
**LAND:** Eritrea / Eþíópía  
**ALDUR:** 35

Áslaug starfar við uppbyggingu almennrar heilsugæslu og þjónustu við stríðsfanga í Tigrehéraði í Norður-Eþíópíu. Áslaug hefur áður unnið í Suður-Súdan, Írak og Georgíu við ýmis störf, svo sem berklavarnir og heilsugæslu.

**NAFN:** Þór Daníelsson  
**STAÐA:** Fjármálastjóri sendinefndar Alþjóðasambandsins  
**LAND:** Tansanía  
**ALDUR:** 40

Þór býr í Dar Es Salaam í Tansaníu ásamt eigin konu og barni og sér um þróun fjármála hjá tansanísku Rauða krossinum. Hann hóf þar störf í byrjun desember í fyrra. Áður hafði

**NAFN:** Huld Ingimarsdóttir  
**STAÐA:** Fjármálastjóri matvæla-  
dreifingar  
**LAND:** Suður-Afríka  
**ALDUR:** 46

Huld er nýtekin til starfa á skrifstofu Alþjóðasambandsins í Jóhannesarborg þar sem hún stjórnar fjármálum við neyðaraðstoð fyrir alla sunnanverða Afríku vegna þurrkanna þar. Hún var þá nýkomin frá störfum í Kosovó þar sem hún sá um fjármál sendinefndarinnar á staðnum. Áður starfaði Huld hjá Toyota-umboðinu.

**NAFN:** Anna Þrúður Þorkelsdóttir  
**STAÐA:** Uppbygging deildarverkefna  
**LAND:** Suður-Afríka  
**ALDUR:** 66

Anna Þrúður hefur starfað sem sjálfbodaliði hjá Rauða krossi Íslands í fjölda ára, m.a. sem formaður félagsins síðustu sex ár. Hún lauk sendifulltrúanámskeiði í Finnlandi í vor og vinnur nú með Rauða kross deildinni í Freestate og Northern Cape við uppbyggingu verkefna hennar, m.a. við að setja á laggirnar sjálfbodastarf tengt heimahjúkrun fyrir alnæmissjúka.

Að auki fóru tveir sendifulltrúar í styttri ferðir á líðnu sumri:

María Skarphéðinsdóttir lækni fór í vor til Malavís með matsteymi á vegum Alþjóðasambandsins til að meta ástandið þar vegna yfirvofandi matvæðaskorts í landinu. Að því loknu vann hún að áætlun fyrir alnæmisverkefni sem Rauði kross Íslands er að hefja í samvinnu við malavíska Rauða krossinn í Chirazulu í sunnanverðu landinu. María vann áður við heilsugæslu í flóttamannabúðum í Tansaníu og hefur lokið framhaldsnámi sem snerist um heilsugæslulækningar í þróunarlöndunum.

Þórir Guðmundsson fór á miðju sumri í stutta ferð til Kína til að vinna að upplýsinga- og kynningarstörfum vegna flóðanna þar. Þórir hefur áður unnið á vegum Alþjóðasambandsins á svæðisskrifstofum í Mið- og Austur-Asíu. Undanfarin ár hefur hann starfað sem upplýsinga- fulltrúi Rauða kross Íslands hér á landi.

Hafnarfjarðardeildin bryddar upp á nýjungum eftir ítarlega naflaskoðun:

# Athvarf og heimsóknir

**Eftir miklar umræður um ástandið í bæjarfélaginu komst vinnuhópur Hafnarfjarðardeildarinnar að þeirri niðurstöðu að brýn þörf væri á athvarfi fyrir geðfatlaða, talmálskennslu fyrir erlend börn og heimsóknþjónustu. Hjálpin settist niður með þeim Áshildi og Ingibjörgu og fékk að heyrna um fyrirhugaðar breytingar að lokinni naflaskoðun.**

**D**eildir Rauða kross Íslands ákváðu á aðalfundi fyrir nokkrum árum að móta skýra stefnu í samræmi við hlutverk Rauða krossins. Í kjölfarið var gerð landskönnun á því hverjir mega sín minnst og árið 2001 byrjaði Hafnarfjarðardeild á staðbundinni könnun með því að koma á fót vinnuhópi sem hittist á nokkrum árangursríkum fundum. Vinnan hefur þegar skilað sér í markvissara starfi, nýjum verkefnum, filefldri stjórn og síðast en ekki síst auknum skilningi hjá bæjarfélaginu. Vinnuhópurinn skipaðu nefnilega fulltrúar kirkju, sveitarfélags og félagsþjónustu auk þeirra Áshildar Linnet, starfsmanns Hafnarfjarðardeildar, og Ingibjargar Ásgeirsdóttur, heilsugæsluhjúkrunarfræðings og stjórnarmanns.

## Ekki drukna í skolpinu!

„Þetta var mjög skemmtileg vinna og víkkaði sjóndeildarhringinn,“ segir Ingibjörg, „en auðvitað var fjallað um hin ýmsu málefni – enda má víða gera betur í einu bæjarfélagi. Það er hins vegar mikilvægt að fólk fari ekki að drukna í öllum vandamálum bæjarfélagsins þó að utanaðkomandi fólk sé kallað til. Maður verður að einbeita sér að mögulegum Rauða kross verkefnum.“

Vinnuhópurinn safnaði saman upplýsingum um atvinnulíf í bænum, fjölda innflytjenda og atvinnuleysi. Í kjölfarið litu eftirfarandi hugmyndir dagsins ljós:

1) Athvarf fyrir geðfatlaða – umræður sýndu glögg að vandi geðfatlaðra í Hafnarfirði var meiri en deildin hugði. Í Hafnarfirði er stefnt á að opna athvarf sem geðfatlaðir geta heimsótt á daginn, bæði til að njóta endurhæfingar og til að hitta fólk. Gert er ráð fyrir að 20–30 manns geti



„Það var sko ekki leiðinlegt að koma hingað á laugardagsmorgnum til að mæta á fundi vinnuhópsins,“ segir Áshildur en þær Ingibjörg sögðu þessa naflaskoðun hafa verið gagnlega og sérlega skemmtilega.

nýtt sér slíka þjónustu og standa viðræður yfir við bæjarfélagið um rekstur á athvarfi. Verið er að leita að hentugu húsnæði.

2) Íslenska unga fólksins – að frumkvæði ungmennahreyfingar Hafnarfjarðardeildarinnar er í bígerð að kenna ungum innflytjendum í bæjarfélaginu „daglegt mál unga fólksins“. Ekki hið hefðbundna mál, heldur orðafordann sem þarf til að fatta brandara, skilja tvíærða merkingu orða og læra að sletta rétt.

3) Heimsóknarþjónusta – Þjóðkirkjan og Fríkirkjan í Hafnarfirði hafa haldið úti heimsóknarþjónustu í gegnum tíðina. Þær hafa þó ekki náð að sinna öllum og hyggst Hafnarfjarðardeildin bæta úr því í vetur. „Aldraðir hafa ekki verið í tísku undanfarið,“ segir Áshildur, „meðal annars út af hraðanum í samfélaginu, og vinnuhópurinn hafði á tilfinningunni að það væri þörf á fleiri sjálfbodaliðum til að sinna svona þjónustu.“ Enn er óvíst hvernig heimsóknarþjónustan verður útfærð. Áshildur og Ingibjörg benda til dæmis á „ökuvini“ Vestmannaeyjajadeildarinnar. „Karlar vilja sumir frekar fara í bíltúr en að fá einhvern inn í kaffi og þar hafa karlkyns sjálfbodaliðar farið reglulega í bíltúr með þeim. Þá er skroppið niður á bryggju og þeir fá sér síðan kaffibolla einhvers staðar. Þetta er frábær hugmynd.“

## Skrifstofu í hjarta bæjarins

Eftir alla þessa umræðu og naflaskoðun, segir Ingibjörg, vaknaði sú hugmynd að deildin skipti um húsnæði. „Draumur okkar er að fá húsnæði í

hjarta bæjarins til að vera í betri tengslum við fólk.“ Áshildur segir staðsetninguna í Bæjarhrauni, á mörkum íbúða- og iðnaðarhverfis, einnig hafa hamlað ungmennastarfinu. „Staðsetningin skín mjög í gegnum heimilisföng þeirra barna sem endast í starfinu. Það þarf að taka tvo strætisvagna hingað úr sumum hverfum og það er of mikið. Þau gefast bara upp.“

Gríðarlegur vöxtur hefur verið í ungmennahreyfingunni á síðustu tveimur árum og því væri bagalegt ef staðsetningin færi að draga úr þeim vexti. „Krakkarnir í ungmennahreyfingunni ákváðu fyrir tveimur árum að stofna hóp 10–13 ára krakka sem hafði ekki áður verið sinnt hjá hreyfingunni. Krakkar eru svo móttækilegir á þeim aldri. Þeir eru ekki komnir á gelgjuna og eru ekki jafn-þuppteknir í öðru félagsstarfi utan skóla,“ segir Áshildur og Ingibjörg bætir því við að það sé góð kynning á Rauða krossinum að hún komi heim í gegnum börnin. Enda nauðsynlegt að gera Rauða krossinn sýnilegri í samfélaginu. „Við komumst nú að því þegar við byrjuðum með 10–13 ára starfið hvað það er nauðsynlegt að minna samfélagið á hver við erum og hvað við gerum,“ segir Áshildur að lokum, „því margir foreldranir héldu að börnin þeirra væru gengin í trúarsöfnuðinn Krossinn.“

# Rútuslys og Vestmannaeyjagöng

Viðbrögð við Vestmannaeyjagöng voru æfð helgina 28.–30. júní á Samverði 2002.

Veðrið lék ekki við þátttakendur en eldgos eru heldur ekki bundin við rjómalblíðu. „Veðrið var ekki vandamál,” segir Herdís Sigurjónsdóttir, neyðarvarnarfulltrúi Rauða kross Íslands, „og okkar þáttur heppnaðist mjög vel enda var þetta áhugasamur og framúrskarandi úrræðagóður hópur. Alger kamelljón.”

Á annað þúsund manns tók þátt í Samverði 2002. Þetta er að stofni til Nató-æfing en ýmsir fleiri innlendir og erlendir aðilar tóku þátt, meðal annars um 100 manns frá Rauða krossi Ís-

lands. Almennir Eyjamenn voru sjálfboðaliðar á æfingunni og léku sjálfa sig á flótta frá gjósandi eyjunni. Á föstudagskvöldið voru æfð viðbrögð við rútuslysi í Þorlákshöfn og gekk sú æfing mjög vel. Á laugardaginn var fólki safnað saman niðri við höfn í Eyjum og fluttir með þyrllu til lands. Í Þorlákshöfn tóku sjálfboðaliðar Rauða krossins á móti fólkinu sem var síðan flutt í fjöldahjálparstöð þar sem það fékk að-

Herdís segir æfinguna hafa sýnt að tvennt megi lagfæra í hamfaraviðbrögðum:

- Samræma skráningu milli björgunaraðila.
- Fá fulltrúa Rauða krossins inn í almannavarnanefndir á hverjum stað til að miðla upplýsingum milli almannavarnanefndar og Rauða kross fólks.



Jóhannes Baldur Guðmundsson í útkallshópi Rauða kross Íslands var yfirstjórnandi aðgerða á vegum Rauða krossins í Vestmannaeyjum á Samverði 2002

hlyningu. „Þetta var umfangsmikil flutningsæfing og Rauða kross fólk fékk mikla æfingu vegna fjölda óslasaðra. Það voru aðallega þættir sem snúa að fórnarlömbunum sem klikkuðu í æfingunni. Hægt gekk að flytja fólkið og það fékk ekki matarpakka eins og ráðgert hafði verið.

Þá voru ekki alveg nógu greið samskipti á milli björgunaraðilanna,” segir Herdís. Sumum þótti nógu um skráninguna, enda er fólkið skráð hjá Rauða krossinum á hverjum viðkomustað og síðan var Flugmálastjórn með skráningu í þyrllunum og Landhelgisgæslan í varðskipinu. „Þegar útskýrt var fyrir fólki að tilgangur skráningar væri að vita hvar fólk væri niðurkomið og til að sameina fjölskyldur varð það hins vegar skilningsríkara.”

## Kamelljón á Samverði 2002

Á meðal þátttakenda á Samverði voru sjálfboðaliðarnir Páll Sverrisson rafeindavirki og Ragnhildur Filippusdóttir, starfsmaður á at-hvarfinu Laut, sem flugu frá heimabæ sínum Akureyri til að taka þátt í æfingunni. Þau skráðu upplifun sína á blað:

Við komum til Þorlákshafnar á föstudegi og áðum við áhaldahús staðarins þar sem förðunarfolk var í óða önn að útfæra svöðusár mikil og beinbrot. Búið var að sviðsetja rútuslys en 35 manna rúta hafði oltið og óvíst um afdrif farþega. Okkur var tilkynnt að við ættum að leika aðstandendurna Bjarna og Margrétu, foreldra Guðlaugar sem var farþegi í rútunni þetta ör-lagaríka kvöld.

Hlutverkalýsingin var svohljóðandi: Röleg og yfirvegað fólk. Tekur hlutunum af skynsemi. Er auðvitað brugðið en vonar það besta. Gefur sig á tal við aðra í kringum sig.

Gekk nú allt vel þar til Bjarni kvartaði undan slæmum verk fyrir hjarta sem leiddi út í vinstri handlegg. Þegar Bjarni hné niður kom hermaður úr áfallateymi hersins aðvifandi og gerði sig líklegan til að hefja endurlífingun en honum var þá

bent á að Bjarni væri enn með fullri meðvitund og þyrfti því ekki endurlífingunar við að svo stöddu. Í því komu fjórir eða fimm læknar hlaupandi frá hersjúkrahúsinu, sem var í tjöldum fyrir utan skólann, með hjartastuðtæki undir hendinni. Tekið var hjartalínurit og puls og guð má vita hvað. Kom þá í ljós að áfallið var vægt og hefur Bjarni ekki kennt sér meins síðan. Frú Margrét var að sjálfsögðu stoð hans og stytta í þessum skyndilegu veikindum. Fréttir af örlögum Guðlaugar komu svo undir miðnætti og reyndist hún ómeidd.

### Úr rútuslysi í varðskipið Ægi

Eftir rútuslyssæfinguna var haldinn stuttur fundur en því næst hélt hópurinn niður á bryggju og beið eftir varðskipinu Ægi. Skipið lagði svo af stað klukkan tvö um nóttina og var komið til Eyja klukkan fimm um morguninn. Um sexleytið fengum við að leggja okkur en förum á fætur þremur tímum síðar eftir lítinn svefn á hörðu steingólfi. Þá var haldið í stjórnstöð RKÍ þar sem við fengum samlokur í morgunmat. Okkur var tilkynnt að verkefnum dagsins yrði útteilt á hádegi en við vorum ekki fyrr komin inn úr dyrunum á svefnstað

okkar þegar síminn hringdi. Herdís Sigurjónsdóttir, neyðarvarnarfulltrúi Rauða kross Íslands, var í símanum og sagði að við ættum að fara með þyrllu til Þorlákshafnar eftir 20 mínútur og vinna þar við að skrá brottflutta Eyjamenn.

### Ógleymanleg flugferð

Við stukkum af stað og um borð í stærstu gerð af þyrllu, sem tekur 30–40 manns í sæti. Það var rosalega gaman að fá að fara með henni. Við vorum svo heppin að sitja fremst og áhöfn þyrllunnar leyfði okkur að kíkja fram í tilflugstjórnanna. Það var gaman að sjá hvernig þessir menn vinna. Á þeim var enginn asi og þeir tóku sér góðan tíma eftir að allir voru sestir og áður en þeir fóru í loftið. Þessi flugferð gleymist ekki.

Í Þorlákshöfn vörðum við deginum í að skrá alla sem komu til lands með þyrllum á ný skráningarblöð Rauða krossins og reyndust þau vel. Skráningin var fljótleg og fólk þurfti lítið að bíða. Upphaflega áttum við að fara aftur til Eyja um kvöldið með þyrllu til að taka þátt í aðalæfingunni á sunnudeginum. Kl. 20.30 var hins vegar ákveðið að hætta öllu þyrlluflugi. Ákveðið var þá að leigja

flugvél frá Eyjum en loks þegar við komum á Bakkaflygvöll var orðið ófært til Eyja vegna þoku. Það átti sem sagt ekki fyrir okkur að liggja að komast til Eyja þetta kvöld. Við snerum því aftur og gistum á Hótel Selfossi. Kannski eins gott því æfingunni á sunnudaginn var aflýst vegna veðurs.

### Heilmikið ævintýri

Um hádegi daginn eftir héldum við svo til Þorlákshafnar, snæddum Duggu-hamborgara og ræddum málin við Sunnlendingana. Við vorum öll reynslunni ríkari og sáum þarna sjálf hvað skráning á fólki er mikilvæg við björgunarskörf og sömuleiðis hve áriðandi er að allir sem vinna að björguninni haldi ró sinni. Ef togstreita myndast milli björgunarmanna getur það auðveldlega skemmt fyrir björgunarsstarfinu. Þá er líka nauðsynlegt að fólk fái reglulega í svanginn og geti kúplað sig aðeins frá starfinu. Annars var þetta einstaklega lærdómsríkt og heilmikið ævintýri. Við skemmtum okkur konunglega, kynntumst fullt af góðu fólki og skorum á allt áhugasamt Rauða kross fólk að taka þátt í svona æfingu. Það sér enginn eftir því.

# Stefnumörkun á aðalfundi

Málsvarastarf, útlendingar og skyndihjálpar voru efst á baugi á aðalfundi Rauða kross Íslands á Egilsstöðum í vor. Kapp var í mönnum og brennandi áhugi á að bæta enn frekar starf hreyfingarinnar á ýmsum sviðum.

Aðalfundurinn stóð dagana 31. maí og 1. júní og var vel undirbúinn, segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. Nýr formaður, Úlfar Hauksson, var kosinn á fundinum og rætt var um framtíðarstefnu félagsins. Þrjár hópar skiluðu þar af sér tillögum í þremur málaflokkum:

- 1) Málsvarastarfi
- 2) Málefnum útlendinga
- 3) Skyndihjálpar

Sigrún segir að þessi stefnumál Rauða krossins endurspeglar þær breytingar sem hafa orðið á íslensku þjóðfélaginu undanförunum árum. Breytingar í þjóðfélaginu kalla á nýjar áherslur í starfi félagsins, til dæmis að félagið verði málsvari þeirra sem lent hafa utan-garðs í samfélaginu og að Rauði krossinn virki útlendinga til starfa innan félagsins. Einnig var orðið brýnt að endurskoða hlutverk Rauða krossins í skyndihjálpar vegna þess að það hefur verið mjög fjárfrekt verkefni og eins þykir brýnt að efla enn skyndihjálparþekkingu almennings, ekki síst með tilliti til umferðarsýsla.

## 1. Málsvarastarf: útlendingar og unglingar

Rauði krossinn lítur á málsvarastarf sem eina af þeim aðferðum sem félagið beitir til að bæta stöðu fólks sem býr við þrengingar. Þá er átt við þá aðferð félagsins að tala máli hópa sem af einhverjum ástæðum þurfa á málsvara að halda.

„Við vorum með sérstakt málþing um málsvarastarf félagsins síðastliðið vor vegna þess að okkur fannst við þurfa að marka okkur stefnu í þessum málum; hvenær og með hvaða hætti á Rauði krossinn að láta til sín taka, til dæmis á opinberum vettvangi, og í hvaða málaflokkum,“ segir Sigrún. „Aðalfundurinn ákvað síðan að yfirskrift málsvarastarfs okkar skyldi vera að rjúfa einangrun og að við skyldum einkum leggja áherslu á tvo hópa, aðflutta íbúa og unglunga sem búa við þrengingar.“

## 2. Málefni útlendinga

„Það var búið að gera eitt og annað í málefnum útlendinga hjá deildum um landið og okkur þótti því ástæða til að kortleggja stöðu útlendinga í íslensku samfélagi,“ segir Sigrún en



Frá Evrópuþegi í skyndihjálpar í Smáralind í september. Rauði krossinn þarf að aðstoða nýbúa við að fóta sig í samfélaginu og laða til starfa fólks sem er af erlendu bergi brotið.

vinnuhópur lagði fram vandaða skýrslu um málið. Þar kemur fram að í lok síðasta árs voru 9.850 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, eða 3,4 prósent íbúa landsins, flestir frá Póllandi, og hafði þá fjölgað um rösklega helming á sex árum. Að auki voru í lok síðasta árs 9.205 innflytjendur með íslenskt ríkisfang.

„Skýrslan sýnir að útlendingum hættir til að einangrast í samfélaginu og því finnst okkur mikilvægt að auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu og minna okkur sjálf á að við sem erum íslensk að uppruna búum ekki ein í þessu landi,“ segir Sigrún.

## Þrjár tillögur voru samþykktar:

- Að virkja útlendinga í starfi félagsins. „Við viljum ekki líta á alla útlendinga sem skjólstaðinga heldur sem þátttakendur í starfi Rauða krossins. Hingað til hafa fáir útlendingar tekið þátt í sjálfböðastarfi okkar en við viljum að það breytist, meðal annars með því að stjórnmál deildanna endurspeglar betur það samfélag sem við búum í,“ segir Sigrún.
- Að aðstoða útlendinga á Íslandi og veita þeim upplýsingar um rétt sinn. „Við ætlum að skilgreina betur hvers konar þjónustu við ætlum að veita útlendingum,“ segir Sigrún. Nú aðstoða fjölmargir aðilar



Sigrún Árnadóttir

útlendinga en sérstaða Rauða krossins gæti falið í að deildirnar, sem eru um allt land, veiti útlendingum aðstoð við að nálgast upplýsingar um rétt sinn og skyldur í íslensku þjóðfélagi.

- Að vinna gegn fordómum, meðal annars með aukinni fræðslu fyrir félagsmenn um jákvæðar hliðar fjölmenningslegs samfélags. „Þjóðfélagið er að breytast og auðvitað þrífast fordómur í Rauða krossinum eins og annars staðar. Það er hollt fyrir hvern og einn að velja fyrir sér hvaða viðteknu hugmyndir hann hefur,“ segir Sigrún en fræðsla fyrir félagsmenn um útlendinga á Íslandi verður fléttað í námskeið fyrir sjálfböðaliða og stjórnmálafólk í deildum.

## 3. Skyndihjálparin

Samþykkt var að vinna markvisst að útbreiðslu á skyndihjálpar í samstarfi við hlutadeigandi aðila og að námskeið skili tekjum til félagsins. Þá hvatti aðalfundurinn alla sjálfböðaliða hreyfingarinnar til að sækja námskeið í almennri og sálrænni skyndihjálpar.

Sigrún segir að heitar umræður hafi orðið um hvort skyndihjálparnámskeið ætti að gefa tekjur af sér. Margir telja mikilvægt að allur almenningur eigi kost á að sækja námskeið án tillits til fjárhags en á hinn bóginn hefur félagið borið mikinn kostnað af námskeiðahaldinu. Niðurstaðan á fundinum var sú að taka ætti tillit til beggja sjónarmiða, þ.e. að útbreiða skyndihjálparina og gera námskeiðin aðgengileg öllum en jafnframt ætti þessi starfsemi að skila félaginu tekjum á móti útlögðum kostnaði.

## Höfum við gengið til góðs?

Að auki var skipaður hópur til að meta árangurinn af stefnu undanförunna ára.

Niðurstöður hópsins voru ræddar mjög á fundinum en síðustu ár hefur Rauði kross Íslands lagt áherslu á þrennt í innanlandsstarfinu:

- a) Forvarnarstarf í þágu ungs fólks
- b) Vinnu með geðfötluðum
- c) Heimsóknarþjónustu

„Þessi verkefni eru öll vel á veg komin,“ segir Sigrún, „og um það bil helmingur deildanna er búinn að gera staðbundna könnun á ástandinu á sínu svæði.“ Vinna með geðfötluðum hefur meðal annars skilað af sér athvörfurnir í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri. „Liður í rekstri þeirra er að tala máli geðfatlaðra gagnvart stjórnmálum og almenningi og ég held að okkur hafi tekist nokkuð vel til í því efni og átt þátt í að rjúfa einangrun hópsins. Fólkinu sjálfu hefur líka tekist að vinna bug á eigin fordómum gagnvart geðsjúkdómum. Það eru til dæmis ekki mörg ár síðan það kom ekki til mála að taka myndir inni á þessum athvörfum. Smátt og smátt hafa gestirnir styrkt og eru orðnir öruggari að koma fram.“

Næsta skref er svo að gera framkvæmdaáætlun til að útfæra tillögur aðalfundarinnar. En fundasetur og umræður voru ekki það eina sem fram fór þessa tvo daga á Egilsstöðum. Deildir kynntu verkefni sín, meðal annars þjóðháttíðina á Vestfjörðum og Austfjörðum, og Sigrún sagði fundinn hafa verið árangursríkan og skemmtilegan. „Þetta var mjög líflægur aðalfundur.“

## Rauði krossinn gefur blóðbanka á hjólum

Rauði kross Íslands afhenti Blóðbankanum í haust fullkominn blóðsöfnunarbíl, eins konar blóðbanka á hjólum, sem stóreykur öryggi þeirra sem þurfa á blóðgjöf að halda hér á landi. Blóðsöfnunarbíllinn er 13,5 metra langur, vel tækjum búinn og getur tekið á móti 50–100 blóðgjöfum á venjulegum vinnudegi. „Með þessari gjöf er Rauði krossinn m.a. að búa í haginn ef sú staða skyldi koma upp að safna þurfi miklu magni af blóði einhvers



staðar á landinu í skyndingu, til dæmis í tengslum við stórslys eða náttúruhamfarir,” sagði Úlfar Hauks-son, formaður Rauða kross Íslands, við afhendingu bílsins. Sveinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Blóðbankans, sagði við afhendinguna að blóðsöfnunarbíllinn markaði þáttaskil í sögu blóðbankaþjónustu á Íslandi.

Blóðsöfnunarbíllinn kostar um 30 milljónir króna. Rauði kross Íslands

hefur lagt til hliðar fé til kaups á bílnum síðan 1996. Fjármögnun var endanlega tryggð með fimm milljóna króna framlagi frá ríkisstjórninni á síðasta ári. Talið er að þriðjungur blóðs sem safnað er á heimsvísu komi beint frá Rauða krossinum og annar þriðjungur frá blóðbönkum sem Rauði krossinn styður á einhvern hátt.

## Rauðakross- fólk vel að sér um Íslenska söfnunarkassa

Fyrirtækið Íslenskir söfnunarkassar lét í vor gera könnun á þekkingu félagsmanna aðildarfélaga sinna á starfsemi fyrirtækisins og í ljós kom að 92% stjórnarmanna Rauða kross deilda þekktu til rekstrarins. „Niðurstaðan kom okkur þægilega á óvart og stjórnarmenn í Rauða kross deildum reyndust hafa mjög góða þekkingu á starfsemi ÍSK,” segir Magnús Snæbjörnsson, framkvæmdastjóri félagsins um hvatann að könnuninni. „Til dæmis höfðu rétt um 60% þeirra góða hugmynd um hversu mikill fjárhagslegur stuðningur ÍSK við starfsemi Rauða krossins er. Einnig virðast félagar Rauða krossins vel upplýstir um málefni spilafíkla. Spilafíkn er staðreynd og við hjá ÍSK gerum okkur grein fyrir því. Við fylgjumst vel með umræðu um þennan vanda héraðs og erlendis. Okkur er það mikið kappmál að berjast gegn spilafíkn og rekum öflugt forvarnarstarf. Að auki kostum við að hluta til endurhæfingarstarf SÁÁ fyrir spilafíkla. Rannsóknir sem við höfum séð og gert sjálf gefa ekki til kynna að söfnunarkössum sé þar um að kenna.”

Einn helsti tekjustofn Rauða krossins er hagnaður íslenskra söfnunarkassa sem félagið rekur með Slysavarna- félaginu Landsbjörgu og SÁÁ.

## Reykjavíkurdeildin styrkir lektorsstöðu

Rauði krossinn hefur nú í fyrsta skipti kostað lektorsstöðu við Háskóla Íslands en það var Reykjavíkurdeild Rauða krossins sem ákvað að styrkja stöðu lektors í félagsráðgjöf til þriggja ára.

Steinunn Hrafnadóttir var ráðin í stöðuna og tók til starfa í byrjun

ágúst. „Við ákváðum að gera þetta til að stuðla að rannsóknnum á sjálfbóðastörfum mannúðarsamtaka því mikilvægi



þeirra hefur ekki verið nógu sýnilegt í íslensku samfélagi,” segir Sigurveig H. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Reykjavíkurdeildarinnar. Deildin greiðir lektorinum laun en kostnaður nemur um 3,6 milljónum króna á ári. Lektorinn hyggst meðal annars kanna framlag sjálfbóðaliða til íslenskrar velferðarþjónustu. Hluti af rannsóknarskyldu Steinunnar verður verkefni á verksviði Rauða kross Íslands.




## Sumarferð eldri borgara á Vestfjörðum

Höpur vestfirskra eldri borgara fór í velheppnað ferðalag í boði Rauða kross deildanna á Vestfjörðum í sumar. Ferðin lá austur á land, gíst var á Eiðum og ferðast með rútu um svæðið. Ferðalangarnir 46 nutu lífsins á þessari átta daga ferð og tóku Rauða kross deildirnar á Austurlandi vel á móti hópnunum. Vestfjarðadeildirnar hafa í 20 ár farið í slíkar sumarferðir með eldri borgurum enda hefur margt gamalt fólk ekki tækifæri til að ferðast á eigin vegum um landið. Faraðstjóri í þessum ferðum hefur verið Sigrún Gerða Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur og stjórnarmaður í Öfundarfjarðardeild. Ánægja ferðalanganna leyndi sér ekki. Eða eins og einn þeirra sagði í lok ferðar: „Ég ætla bara að reyna að halda í mér lífinu svo ég komist í næstu ferð. Ég lifi fyrir þessar ferðir.”

## Síminn styrkir Hjálparsíma Rauða krossins

Það er okkur mikil ánægja að fá að tengjast Rauða krossinum í gegnum rekstur Hjálparsímans,” segir Heiðrún Jónsdóttir, forstöðumaður upplýsinga- og kynningarmála Símanns. Síminn styrkir rekstur Hjálparsímans með beinu fjárframlagi og verður aðalstyrktaraðili Hjálparsímans á árunum 2002–2004. Allur faglegur rekstur Hjálparsímans verður þó á herðum Rauða krossins. „Síminn hefur í

gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að styðja vel við hin ýmsu málefni í íslensku samfélagi, einkum þau sem varða menntun, mannúðarmál, listir



og íþróttir. Símanum berast á hverjum degi margar styrkbeiðnir en við leggjum á það áherslu að styðja

fremur við stærri verkefni og færri og verður því eðli málsins samkvæmt að vísa frá mörgum góðum beiðnum. En Síminn er stoltur af að fá að taka þátt í svo metnaðarfullu verkefni sem Hjálparsíminn er. Síminn er í eigu allra landsmanna, snertir líf allra landsmanna með einum eða öðrum hætti og því mikilvægt að fyrirtæki á borð við Símann taki þjóðfélagslega ábyrgð, og gleymi ekki þeim sem minna mega sín.”